

Jón Guðmundsson Sólnes, bankastjóri og alþingismaður Akureyri.

Afhending 2014/71

Jón Guðmundsson Sólnes var fæddur á Ísafirði 30.9.1910 og lést á Akureyri 8.6.1986. Hann var kjörsonur Edvard Gabrielsen Sólnes, útgerðarmanns f. 8.6.1880, d. 27.10.1958 og Lilju Daníelsdóttur f. 24.6.1874, d. 2.12.1939.

Jón var kvæntur Ingu Pálsdóttur Sólnes f. 12.8.1910, d. 11.9.2003. Þau giftu sig 30.5.1936, áttu fimm börn og fjölda barnabarna.

Hann fékk gagnfræðiprófið á Akureyri 1926.

Sama ár hóf hann störf í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri og vann þar lengst af sem bókarari en var útibússtjóri 1961 – 1976. Hluta árs 1937 vann hann í Hambros Bank í London.

Jón var í bæjarstjórn Akureyrar 1946 – 1978 og aftur 1982 – 1986 og var forseti bæjarstjórnar 1962 – 1966 og 1970 – 1974. Hann var formaður framkvæmdastjórnar Brunabótafélags Íslands 1955 – 1979; í stjórn Framkvæmdasjóðs 1966 – 1971 og í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins 1972 – 1978. Jón var formaður Kröflunefndar um hríð, sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1969 og 1970 og sat á fundum Þingmannasamtaka Norður-Atlandshafsríkjanna 1975 – 1979.

Jón var varapingmaður Norðurlands eystra fyrir Sjálfstæðisflokkinn í desember 1972 og mars – apríl 1974.

Hann var alþingismaður Norðurlands eystra fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1974 – 1979.

Á 11 árum bárust safninu 14 afhendingar með skjölum Jóns og Ingu Sólnes og afkomendum þeirra. Afhendingarnar eru með númerin: 2008/3, 2008/19, 2008/80, 2009/34, 2009/75, 2010/1, 2011/56, 2012/20, 2014/4, 2014/71, 2015/34, 2016/40, 2016/50 og 2019/74.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.
20.5.2020.

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2014 / 71

A-Jón G. Sólnes

A-Jón G. Sólnes

1978 - 1983

A	1	1	1978 - 1978	Ávarp til Jóns G. Sólnes frá vinum og samstarfsmönnum þegar hann lét af störfum í bæjarstjórn.
A	1	2	1983 - 1983	Mynd af Jón G. Sólnes, gerð af Bjarna Degi Jónssyni; bréf til skýringar.